



Nefndasvið Alþingis
B.t. Atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. maí 2019

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stjórnsýslu búvörumála (flutningur málefna búnaðarstofu), 781. mál.
Tilv. 201905-0001

Bændasamtök Íslands, Samband garðyrkjubænda og Landssamtök sauðfjárbænda gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarp til laga um stjórnsýslu búvörumála (flutningur málefna búnaðarstofu), 781. mál. Samtökin fengu málid sent til umsagnar 12. apríl sl. og var frestur veittur til 2. maí.

Umsagnaraðilar leggja mikla áherslu á að stjórnsýsla landbúnaðar og framkvæmdar búvorusamninga sé skýr þannig að ávallt sé ljóst hvar ábyrgð á einstökum verkefnum liggr. Þegar verkefni voru flutt frá Bændasamtökunum til Matvælastofnunar á sínum tíma var lagt til að þau yrðu í höndum sjálfstæðrar stofnunar, enda er eðli þeirra um margt ólíkt kjarnastarfsemi Matvælastofnunar, sem hefur fyrst og fremst eftirlits- og leiðbeiningarhlutverk. Ákveðið var að haldið yrði utan um verkefnin í sérstakri einingu innan stofnunarinnar, þ.e. Búnaðarstofu. Nokkrir byrjunarörðugleikar urðu á framkvæmdinni, ekki síst vegna samþykktar nýrra búvorusamninga sem fólu í sér töluberðar breytingar. Framkvæmd þeirra hefur gengið betur frá árinu 2018.

Umsagnaraðilar hafa á fyrri stigum málsins bent á að eðlilegra og skýrara væri að halda utan um framkvæmd verkefna skv. búvorusamningum hjá sjálfstæðri stofnun. Stofnunin yrði sjálfstæð stjórnsýslueining þar sem ýmsar ákvarðanir geta falið í sér forgangsröðun og mat, sbr. úthlutun nýliðunarstyrkja eða eftirlit með ræktun vegna beingreiðslna og jarðræktarstyrkja.


Umsagnaraðilar lýsa einnig yfir áhyggjum af því að ekki verði mögulegt að skjóta ákvörðun til æðra stjórnavalds. Að mati umsagnaraðila er ófullnægjandi að vísa til þess, eins og gert er í almennum athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu í kafla 6.1, framkvæmdin byggi á skýrum settum reglum, stöðugri framkvæmd og að bændur séu svo vanir að eiga í samskiptum við stjórnsýsluna og njóti í þeim efnunum leiðsagnar RML. Bent er á að ekki eru allir bændur í samskiptum við RML en þar fyrir utan er þjónustan ekki án endurgjalds. Þar að auki hefur skipurit stjórnsýslu landbúnaðar ekki verið kynnt og það er því óljóst hvert bændur eða aðrir sem hagsmuni hafa að gæta skulu beina erindum sínum varðandi framkvæmd og umgjörð einstakra verkefna. Nú þegar framkvæmd verkefnanna verður færð að nýju eru líkur og hætta á að röskun verði. Ýmis verkefni á sviði landbúnaðar bíða úrlausnar og hafa beinlínis setið á



hakanum og nauðsynlegt er að styrkja stjórnsýsluna, afmarka verkefni og setja aukinn kraft í úrlausn verkefna.

Samstarf Búnaðarstofu Matvaelastofnunar við Bændasamtökin og önnur félög bænda hefur verið gott og eins hefur hún átt reglulega samráðsfundi með öðrum sem koma að þjónustu við bændur með ýmislegt sem tengist framkvæmd búvorusamninga. Lögð er áhersla á að þetta samstarf haldi áfram. Þá er einnig þýðingarmikið að framkvæmdanefnd búvorusamninga tengist þessu starfi náið, enda er hún skilgreindur samráðsvettvangur um framkvæmd búvorusamninga.

Að síðustu leggja umsagnaraðilar áherslu á að þörf er á ítarlegum skýrslu um framvindu samningsins, þ.á m. um aldursdreifingu, búsvæði, hvernig greiðslurnar eru að dreifast, hvort það sé í samræmi við markmið samningsins o.s.frv. Aðgengi að gögnum er takmarkað, ekkert ætti að mæla gegn því að afhentar væru fjöldatölur, framleiðslutölur og annað sem nauðsynlegt er til að fylgjast með þróuninni. Undirritaðir umsagnaraðilar eru reiðubúnir að koma til funda og yfirlíða athugasemdir eða taka þátt í umræðum um nánari útfærslu.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands,
Sambands garðyrkjubænda og Landssamtaka sauðfjárbænda,

Guðrún Vaka Steingrimsdóttir